

Umsögn um Þingmál

Þingskjal 295 – 257. mál.

Frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Velferðarnefnd Alþingis sendi undirritaðri til umsagnar frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu (heildarlög), 257. mál.

Eftirfarandi er umsögn frá Brynhildi Ingvarsdóttur augnlækni, formanni Augnlæknafélags Íslands

Reykjavík, 08.11.2014

Fyrst og fremst er hér athugasemd við liði sem snerta augnlækningar, þ.e. skilgreiningu lykilhugtaka í frumvarpinu sem varða blindu og sjónskerðingu..

Ég lít svo á að ekki sé verið að óska eftir álit vegna tilefnis lagasetningarinnar sem aðrir faghópar hafa komið að.

Nokkur önnur atriði má lagfæra en læt duga að gera athugasemd við „**framsækinn“ sjúkdóm**. Hvað er það? Er hér átt við hrörnunarsjúkdóm þ.e. sjúkdóm sem fer versnandi með tímanum? Finn hvergi skilgreiningu á hvað framsækinn sjúkdómur er, né hef ég heyrt talað um framsækinn sjúkdóm áður. Tel rétt að endurskoða þetta eða skilgreina hvað við er átt.

Í 3. grein eru liðir 6, 7 og 8, **skilgreining á blindu, daufblindu og sjónskerðingu**. Þessar skilgreiningar eru rangar og þarf að endurskrifa. Sjón er mun meira en sjónskerpan og sjónsvið þó það séu almennt þeir þættir sem notaðir eru til að flokka eða meta skerðingu á sjón. Varðandi blindu og sjónskerðingu er ekki hægt að nota **% á sjón** þó það sé stundum ranglega gert í daglegu tali. Sjónskerpa er mæld skv. ákveðinni staðlaðri mælingu / aðferð og er ekki mæld í %. Notaðar eru þekktar staðlaðar mælingar / aðferðir við mælingu á sjónskerpu og er þar miðað við ákveðinn staðlaðan skala sem ekki er hægt að setja upp sem % af einhverri stærð. Það er heldur ekki talað um „**venjuleg sjóngler** „ – hvað er það? Í skilgreiningum á sjón og blindu er alltaf miðað við sjón á betra auga með bestu sjónglerjum þ.e. sjónin er mæld með þau sjóngler sem eru miðuð við sjónlag einstaklingsins og gefa bestu mögulega sjónskerpu. Í síðustu málsgrein í lið 8 vantar í lokin ... sjónglerjum **og / eða** með athafnir daglegs lífs og umferli.

Það hafa verið til alþjóðlegar skilgreiningar á blindu og sjónskerðingu og hafa þær almennt verið notaðar innan okkar sérgreinar bæði hér á landi sem og erlendis. Ef sambærilegar skilgreiningar og eru í þessum drögum er að finna í öðrum lögum þá er tímabært að hafa þessar skilgreiningar betri í nýjum lögum.